

Rafræn vöktun - Breiðholtslaug

Verklagsreglur vegna rafrænnar vöktunar

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkurborgar hefur sett sér eftirfarandi reglur um rafræna vöktun öryggismyndavéla á starfsstöðum sínum. Verklagsreglur ÍTR byggja á lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum nr. 837/2006 um rafræna vöktun og meðferð persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun. Eiga þessar reglur bæði við það myndefni sem hugsanlega þarf að vinna með vegna slysa eða annarra atburða og vöktun á rauntíma án þess að fram fari söfnun á myndefni.

1.gr.

Umfang vöktunar

Í Breiðholtslaug hafa verið settar upp myndavélar þar sem rafræn vöktun fer fram í málefnalegum tilgangi, s.s. í þágu öryggis gesta og/eða eignavörslu. Í turni og afgreiðslu er skjáir sem sýna efni úr öryggismyndavélum. 17 myndavélar vakta útisvæði, 6 botnmyndavélar og 11 aðrar vélar sem sýna 4 potta, barnalaug, leiklaug, rennibrautarlaug og yfirlitsmynd yfir svæðið. Ein myndavél er í anddyri sem sýnir afgreiðslu og svæði þar í kring. Upptaka geymist í 14 daga.

2.gr.

Tilgangur og heimild

Í Breiðholtslaug er tilgangur rafrænnar vöktunar að tryggja öryggi gesta sem sækja sundlaugarnar. ÍTR telur vinnsluna nauðsynlega til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á ábyrgðaraðila sbr. 3.tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018.

Í 2. mgr. 11. gr. reglugerðar nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum er kveðið á um að aðstaða starfsmanns sem sinnir laugargæslu skuli tryggð t.d. með myndavélum.

Einnig er tilgangur vöktunar að tryggja eigur ÍTR og reyna að koma í veg fyrir að farið sé í mannvirki utan opnunartíma. Tilgangur vefmyndavéla á skíðasvæðum er að bæta þjónustu við gesti sem geta þannig séð aðstæður í fjallinu hverju sinni.

Við alla rafræna vöktun mun ÍTR gæta meðalhófs og virða einkalífsrétt þeirra sem sæta vöktun.

3.gr.

Meginreglur sem gilda um rafræna vöktun

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skal fara með í samræmi við 8. gr. laga nr. 90/2018

1. Að þær séu unnar með lögmætum, sanngjörnum og gagnsæjum hætti gagnvart hinum skráða;
2. Að þær séu fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi; frekari vinnsla í sagnfræðilegum, tölfræðilegum eða vísindalegum tilgangi telst ekki ósamrýmanleg að því tilskildu að viðeigandi öryggis sé gætt;
3. Að þær séu nægilegar, viðeigandi og ekki umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar;
4. Að þær séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum; persónuupplýsingum sem eru óáreiðanlegar eða ófullkomnar, miðað við tilgang vinnslu þeirra, skal eyða eða leiðrétta án tafar;
5. Að þær séu varðveittar í því formi að ekki sé unnt að bera kennsl á skráða einstaklinga lengur en þörf krefur miðað við tilgang vinnslu; heimilt er að geyma persónuupplýsingar lengur að því tilskildu að vinnsla þeirra þjóni einungis skjalavistun í þágu almannahagsmuna, rannsókna á sviði vísinda eða sagnfræði eða í tölfræðilegum tilgangi og að viðeigandi öryggis sé gætt;
6. Að þær séu unnar með þeim hætti að viðeigandi öryggi persónuupplýsinganna sé tryggt.

4.gr.

Skoðun persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

Eingöngu forstöðumaður mannvirkis og öryggis- og gæðastjóri ÍTR skal hafa heimild til skoðunar á eftirlitsmyndavélum og skal sá aðgangur varinn með aðgangs- og leyniorði. Skal forstöðumaður hafa skrifað undir trúnaðar- og þagnarskylduyfirlýsingu vegna starfa sinna. Skrásetja skal skoðun á uppteknu efni. Eingöngu skal skoða myndefni úr myndavélum er upp koma atvik sem varða öryggi einstaklinga, slys, þjófnað eða eignaspjöll. Berist krafa aðila um að sjá gögn skal ganga úr skugga um að upptaka sé af aðila og séu aðrir aðilar persónugreinanlegir skal gefa þeim kost á að vera viðstaddir skoðun.

Persónuupplýsingar sem verða til við rafræna vöktun eru aðeins notaðar í yfirlýstum, skýrum og málefnalegum tilgangi.

Persónuupplýsingar sem verða til við vöktun eru almennt ekki afhentar öðrum nema með samþykki skráðra eða samkvæmt ákvörðun Persónuverndar. Upptökur eru afhentar lögreglu sé óskað eftir því vegna refsiverðra atburða eða slysa.

5.gr

Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við vöktun

Upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun skulu ekki varðveittar lengur en 90 daga nema lög heimili eða dómsúrskurður liggi fyrir.

6.gr.

Andmæli við framkvæmd vöktunar

Í 1. mgr. 21. gr. laga nr. 90/2018 er kveðið á um andmælarétt hins skráða þar sem fram kemur að hinum skráða er heimilt að andmæla vinnslu persónuupplýsinga um sig. Ábyrgðaraðili skal ekki vinna persónuupplýsingarnar frekar nema hann geti sýnt fram á mikilvægar lögmætar ástæður fyrir vinnslunni sem ganga frammar hagsmunum, réttindum og frelsi hins skráða, eða hún sé nauðsynleg til að stofna, hafa uppi eða verja réttarkröfur. Eigi andmælin rétt á sér er ábyrgðaraðila óheimil frekari vinnsla umræddra upplýsinga.

Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem settar eru í reglum þessum og lögum skal hafa samband við ÍTR á netfangið itr@reykjavik.is